

Mál nr. 244/2006

M

og

Vátryggingarfélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar A

Kona féll í stiga í húsi þar sem vinnustaður hennar var þ. 7.2.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.11.2006 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 19.12.2006. ásamt umsögn A, ljósmynd og tölvupósti frá M 3.3.2005.

Málsatvik.

Lögmaður M segir að M hafi verið á leið á milli hæða í húsinu þar sem vinnustaður hennar var í umrætt sinn og segir að mikið myrkur hafi verið í stigaganginum vegna framkvæmda sem þar voru. Slysið hafi átt sér stað um kl.16 og þá segir í bréfi lögmannsins að hafi verið orðið dimmt og aðstæður á slysstað slæmar. M var á leið niður stigann vegna vinnu sinnar og segist hafa haldið í handrið stigans en fallið og á hana komið hnykkur með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Í tilkynningu um vinnuslys dags. 1.3.2005 segir að engin lýsing hafi verið þ.e. loftljós í stiganum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir bótakröfu á því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar þar sem ekki var næg birta í stigaganginum og myrkur hafi orðið til þess að M datt og slasaðist. Lyfta er í húsinu og bender lögmaður M á að lagt hafi verið fyrir starfsmenn A að nota lyftuna ekki nema í undantekningartilvikum auk þess sem lyftan hafi oft verið upptekin vegna efnisflutninga vegna framkvæmda við húsið. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til gáleysis M auk þess séu ekki orsakatengsl milli slyssins og ljósleysis í stiganum auk þess sem vátryggingataka beri ekki ábyrgð á ljósleysinu heldur annar aðili. Þá telur V að aðstæður í stiganum hafi ekki verið varhugaverðar þannig að saknæmt hafi verið af hálfu vátryggingataka. Þá bendir V á að M hafi unnið hjá fyrirtækinu frá 1992 og gjörþekkt aðstæður og það hafi verið val M að nota stigann í stað þess að nota lyftu sem er í húsinu. Fram kemur í skýrslu A að lýsing hafi verið ófullnægjandi í stigaganginum og hafi starfsmenn A gert athugasemdir við það og beðið umsjónarmann fasteignar þeirrar sem um ræðir um betri lýsingu.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti þar sem slysið átti sér stað að leiði til bótaskyldu fyrir vátryggingataka A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík. 9.1.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.